

Norðurlásmótið Akranesi

Hlökkum til að sjá ykkur!





• Mótsstjórn

- Páll Guðmundur Ásgeirsson – mótsstjóri
- Ingimar Elí Hlynsson – framkvæmdastjóri KFÍA
- Anna María Þórðardóttir – formaður Barna- og unglingaráðs KFÍA
- Ívar Orri Kristjánsson - dómarastjóri

- **Skrúðganga föstudagur 20.júní**

- Mæting kl.10.45 Stillholti 16 á planið við veitingastaðinn Galito
- Lið fá spjöld með nafni liðs afhent (skilja þau eftir í Akraneshöll eftir setningu)
- Kl.11.00 skróðganga að Akraneshöll, setning fer fram við aðalvöll Jaðarsbökkum.



- **Afhending mótsgjafa**

Mótsgjafir verða afhentar á sunnudeginum á sérstöku sviði við Akraneshöllina.

Liðin þurfa að koma saman að sækja gjafirnar, tilvalið verður að taka liðsmyndir á sviðinu við afhendingu gjafanna.





• Gisting

- Gist verður í Grundaskóla, Grundaseli og félagsmiðstöðinni Þorpinu.
- Gististaðir opna kl.8.00 á föstudegi
- Mælst er til þess að fararstjórar skipti með sér vöktum til að sjá um iðkendur í skólanum
- Fararstjórar bera ábyrgð á iðkendum í skólanum sem og í matsalnum
- **Samlokugrill eru í boði á öllum gististöðum. Þau verða sameiginlega nýtt af öllum gestum.**
- **Kæligámur sem félög hafa aðgang að verður staðsettur við Grundaskóla.**



• Gisting

- Hjálpumst að við að ganga vel um skólana og passa að farið sé úr skóm í anddyri
- Gistireglur gera ráð fyrir því að ró sé komin á gististaði fyrir kl.22.00 öll kvöld
- Skólunum er læst eftir kl.23.00
- Í skólunum er vakt allan sólarhringinn
- **Vekjum athygli á því að allir skólar eru hnetulausir þar sem um bráðaofnæmi er að ræða hjá þátttakendum, sjá nánar í upplýsingahandbók mótsins**
- **Liðin þurfa að fjarlægja allt rusl úr stofum og setja í gáma fyrir utan skólana, ekki skilja eftir umbúðir eða nesti**
- **Skilja við stofur eins og komið var að þeim**
- **Losa þarf stofur á sunnudeginum fyrir kl.11.00**



• Tjaldsvæði

- Bókun á tjaldsvæði fer fram á www.stubb.is/
 - ✓ 8.000 kr pr. hýsi yfir helgina, greitt er inn á stubb og miði sýndur er komið er á svæðið.
- Rafmagn er á hluta tjaldvæðis og kostar 15.000 kr. fyrir helgina fyrir hýsi, greitt er inn á stubb. ATH takmarkað magn tengla í boði.
- Við tökum ekki frá pláss fyrir lið vegna flókinnar framkvæmdar eftir að við fengum rafmagn á svæðið.
- Einnig er opið tjaldsvæði í Kalmannsvík á vegum Akraneskaupstaðar, ekki er hægt að bóka pláss þar. Aðgangur að rafmagni og er gjaldtaka fyrir tjaldsvæðið.

• Fyrirkomulag mótsins

- Öllum liðum frá hverju félagi er fyrir upphaf móts skipt niður í styrkleika
- Hvert lið keppir 4 leiki á föstudegi, 5 leiki á laugardegi og 4 leiki á sunnudegi.
- Leikjaskipulag er birt á www.norduralsmot.is og á Facebook/norðurálsmót





- **Keppnissvæði**

- Keppnisvellir eru á flötinni austur af Akraneshöllinni á Jaðarsbökkum
- Mynd af svæðinu verður sett í handbókina á heimasíðu sem og á Facebook/Instagram síðu mótsins
 - **Facebook:** *Norduralsmotid*
 - **Instagram:** *norduralsmot #norduralsmot*
 - **Heimasíða mótsins:** <http://www.norduralsmot.is>



- **Matur**

- Morgun-, hádegis- og kvöldmatur er framreiddur í íþróttahúsinu við Jaðarsbakka
- Morgunmatur er frá 7.45-9.30
- Hádegis- og kvöldmatur, tímasetning breytileg, sjá liðadagskrá
- Aðeins þeir sem eru með armband/móts passa geta komið inn í matsalinn (fararstjórar fylgja hverju liði)
- Vinsamlegast virða tímasetningar í matartíma
- Matseðill er á heimasíðu mótsins norduralsmot.is
- Pylsugrill verður á laugardegi við þýrlupallinn á Jaðarsbökkum. Ef veður er slæmt færist pylsugrillið inn í Akraneshöll.



- **Sund**

- Frítt er í sund í Jaðarsbakkalaug og Guðlaugu á Langasandi í boði Akraneskaupstaðar
- Samkvæmt reglum sundstaða má hver fullorðin taka ábyrgð á 2 börnum í sundi nema um sé að ræða foreldri, forráðamann.
- Til að allir geti komist í laugina þá biðjum við ykkur um að vera ekki lengur en 40 mín með hópinn, frá því að þið farið inn í klefa og þangað til þið komið aftur út úr kleanum.
- Nauðsynlegt er að skrá liðið í sund til þess að fá tíma.
- [Hægt er að panta í sund hér](#)

- **Hundahald**

- **Ekki er leyfilegt** að vera með hunda á keppnissvæði, í Akraneshöllinni eða á gististöðum í skólum.
- Hundar eru leyfðir á tjaldsvæði ef þeir eru í bandi og trufla ekki aðra tjaldgesti á svæðinu.



- **Kvöldvaka**

- Kvöldskemmtun á laugardeginum kl.19.30
- Fram koma: Aron Can og Aníta Rós





- **Myndataka**

- Sporthero verður á svæðinu og sér um **liðsmýndatöku á föstudeginum**
- Þau sem vilja ekki að tekin verði mynd af barninu sínu er velkomið að benda ljósmyndurum á vegum SportHero á það
- SportHero mun sjá um að taka liðsmynd af öllum liðum.
 - **Liðsmýndataka verður eingöngu í boði á föstudeginum, gott er að nýta tímann milli leikja í myndatöku og gott að miða við að koma í myndatöku í myndatjald eftir leik númer 2 á föstudeginum**
- Myndirnar verða til sýnis og sölu í myndatjaldi/Akraneshöll á laugardegi og sunnudegi. Einnig verður hægt að kaupa myndir á sporthero.is
- Frekari fyrirspurnir um myndatöku johann@sporthero.is eða í síma 662-1111
- Allar upplýsingar á www.sporthero.is



- **Afbreying**

- Það er hægt að gera ýmislegt á Akranesi
 - Guðlaug á Langasandi
 - Skógræktin – Garðalundur, grillhús, leiktæki, frísbíggolf
 - Skoða Vitann á Breiðinni
 - Hoppudýnur hjá Akraneshöll og á Merkurtúni (niðrí bæ)
 - Fjallganga á Akrafjall
 - [Klifurfélag Akraness](#)
 - [Bönkerinn - Golfhermir](#)
 - [Hoppland – \(aðeins fyrir hugrakka krakka\)](#)
- Dæmi um veitingastaði og kaffihús
 - [Galito Stillholti](#)
 - Leynir Bistro í golfskálanum
 - [Lighthouse restaurant](#)
 - [Frystihúsið – ísbúð](#)
 - [Kallabakarí](#)
 - [Kung Fu - Asískur matarvagn](#)
 - [Flamingo Kebab](#)
 - Stúkuhúsið kaffihús við byggðasafnið



• Bílastæði og framkvæmdir á svæðinu

- Á Jaðarsbakkasvæðinu þar sem mótið fer fram eru framkvæmdir í gangi við hliðina á Akraneshöllinni og því eru nokkuð færri bílastæði í boði
- Við bendum á að bílastæði eru á bakvið íþróttahúsið og sundlaug, við hliðina á íþróttahúsi sem og við hliðina á Akraneshöll
- Við hvetjum foreldra sem er á tjaldsvæðum að leggja bílum sínum þar og labba að mótssvæði, þetta er allt í göngufæri



- **Að lokum**

- Hvetjum allt liðið en ekki einstaklinga.
- Mikilvægt að vera jákvæð allan tímann og munum að við erum fyrirmyndir
- Munum eftir að vera hvetjandi á hliðarlínunni og að þetta er leikur en ekki heimsmeistarakeppni, það má gera mistök
- Fylgjast vel með FB síðu mótsins, norduralsmot.is, instagram: norduralsmot
- Það má endilega nota #norduralsmotid ef settar eru myndir á samfélagsmiðla
- **Mótið á að vera skemmtileg upplifun og foreldrar spila stórt hlutverk í þeirri upplifun**



Hlökkum til að sjá
ykkur

Velkomin á
Norðurlálmótið á
Akranesi